

Dagsetning
24. 5. 2004


Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 996. mál, sóknardagar báta, krókaflahámark og fleira.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Ljóst er að með fækkun sóknardaga og takmörkunum á aflahæfni sóknardagabáta aukast líkur til þess að þeir færi sig yfir í krókaflahámark. Við það opnast möguleikar á að þessir bátar selji frá sér aflaheimildir, sem gæti breytt stöðu byggðarlaga sem byggt hafa afkomu sína að verulegum hluta á útgerð sóknardagabáta.

Virðingarfyllst



Guðmundur Guðmundsson
Ráðgjafi á próunarsviði Byggðastofnunar